

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Grunnskóli Borgarfjarðar eystra

Heiti verkefnis: Fjölbætt menntun og vellíðan

Nafn verkefnisstjóra: Helga Guðmundsdóttir

Númer samnings og styrkár: UMS 95 2018-2019

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn: Samstarf ólíkra skóla úr ólíkum sveitarfélögum með reglubundnum heimsóknum og samstarfi bæði nemenda og kennara. Með þessu er stefnt að því að auka námsleg og félagsleg tækifæri nemenda í mjög fámennum skóla og auka víðsýni, skilning og þekkingu nemenda í fjölmennari skóla á aðstæðum þeirra sem í fámenna skóla ganga.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Reglubundnar heimsóknir nemenda úr fámenna grunnskólanum á Borgarfirði eystri á meðan veður og færð leyfðu, vor og haust mörkuðu megináherslur í framkvæmd verkefnisins. Með heimsóknunum fengu nemendur sem daglega þjuggu við takmarkað námslegt og félagslegt valfrelsi aukin tækifæri auk þess sem kennarar þeirra eflðu fagleg tengsl og fengu tækifæri til þátttöku í faglegri umræðu og verkefnum.

Eitt af því sem kom skemmtilega á óvart

Verk- og tímaáætlun var í að mestu leyti í samræmi við áætlun í umsókn. Fyrsti verkþáttur var á skólaárinu 2018-2019 og var þá áherslan á að nýta heimsóknir sem best í þágu náms nemenda og lögð áhersla á að tækifærin í heimsóknarskólanum nýttust sem best til að efla námstækifæri og félagslega stöðu nemenda í Grunnskólanum á Borgarfirði eystra. Skólaárið 2019-2020 var að sjálfsgöngu engum fyrri skólaárum líkt vegna Covid 19. Þannig féllu heimsóknir frá Borgarfirði niður en í staðinn voru fundnar leiðir til að eiga ákveðið samstarf með rafrænum lausnum. Þetta hafði þau áhrif að minna varð úr áætlunum um að nýta verkefnið til að auka tækifæri nemenda frá Borgarfirði til meiri fjölbreytni í verknámi og/eða vali. Þrátt fyrir að formlegu þróunarverkefni sé nú lokið er áformað að halda samstarfinu áfram og vonandi koma tímar þar sem hægt verður að fara í heimsóknir á ný í raunheimi og vinna þá að þeim markmiðum sem ekki náðist að vinna að vegna hinna sérstöku samfélagslegu aðstæðna.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Eins og fram kom í áfangaskýrslu verkefnisins hér að framan urðu breytingar á Borgarfirði þegar skólastjóri hætti snögglega um það leyti sem verkefnið hófst og hvarf af braut og hafði það svolítil áhrif á framkvæmd verkefnisins hvað varðaði þátt skólastjórans í heimsóknunum. Í stað eiginlegs kennsluframlags skólastjóra í móttökuskólanum var ákveðið að nota tækifærið til að efla fagleg tengsl kennara og skólastjóra á Borgarfirði við starfsfólk móttökuskólans og starfsemina þar að þeirra ósk og er það mat allra hlutaðeigandi að það hafi tekist vel.

Það kemur engum á óvart að Covid hafði afgerandi áhrif á framkvæmd verkefnisins en um leið urðu þær aðstæður til þess að ýmsar rafrænar samstarfslausnir voru reyndar og á sú reynsla án efa eftir að nýttast í ýmiss konar samstarfi skóla sem getur bætt stöðu nemenda og eflt kennara í starfi, ekki síst í litlum skólum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið samhliða verkefnisvinnu.

Það vakti sérstaka athygli við framkvæmd verkefnisins hversu mikla ánægju nemendur móttökuskólans höfðu af heimsóknum Borgfirðinganna. Þau voru t.d. mjög upptekin af því að fá að

þjóða litla skólanum á viðburði í móttökuskólanum og létu vita af því að þau söknuðu þeirra þegar aðstæður höfðu þau áhrif að heimsókn féll niður. Það er því ekki síður aukin víðsýni og félagslegur skilningur nemenda „stóra skólans“ sem líta má á sem ávinning verkefnisins en ný og aukin náms- og félagsleg tækifæri nemenda „litla skólans“. Þátttaka kennara og stjórnenda grunnskólans Borgarfirði í lærdómssamfélagi Fellaskóla hefur einnig mikið vægi þegar ávinningur verkefnisins er metinn.

Mat á verkefninu samkvæmt samkvæmt umsókn:

Ýmsar ytri aðstæður gerðu það að verkum að framkvæmd verkefnisins varð aðeins önnur en lýst var í umsókn. Markmiðið, þ.e. aukin námsleg- og félagsleg tækifæri nemenda og kennara í örlitlum skóla í litlu samfélagi náðust þó fullkomlega, þó framkvæmdin væri að sumu leyti frábrugðin því sem gert var ráð fyrir í umsókn. Það leikur enginn vafi á að það mun hafa varanleg áhrif á skólastarfið á Borgarfirði eystri, nemendur og kennarar hafa öðlast reynslu í að vinna með stærri skóla, hafa fundið eigin styrkleika í slíku samstarfi um leið og þau hafa fundið þann ávinning sem af samstarfi hlýst. Tengslin auðvelda áframhaldandi samstarf, ekki aðeins við Fellaskóla, heldur við skólasamfélagið á Héraði – eða öllu frekar, skólasamfélagið í því nýja sameinaða sveitarfélagi sem nú er að verða til með sameiningu Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðar og Djúpavogs.


Niðurstöður verkefnisins:

Niðurstöður verkefnisins hafa að mestu verið tíundaðar í liðunum hér að framan. Aukið traust milli barna sem búa við og alast upp við afar ólíkar aðstæður auka í sjálfu sér víðsýni og þekkingu hlutaðeigandi. Auk þess leiddi verkefnið af sér aukin námstækifæri fyrir nemendur í afar fámennum skóla og eflað faglegt bakland þeirra kennara sem þar starfa. Það ber þó ekki svo að skilja að það hafi aðeins verið nemendur í fámenna skólanum sem fengu aukin námstækifæri. Þar má ekki síst draga fram áhrif ánægjulegrar viðbótar við upphaflega áætlun um samstarf skólanna, sem fæddist sem hugmynd í sameiginlegri verkefnavinnu nemenda, en það var heimsókn nemenda úr Fellaskóla á Borgarfjörð. „Samnemendur“ eldri nemenda fengu tækifæri til að fara í 2 daga ferð á Borgarfjörð á vordögum 2019 og tóku þar m.a. þátt í sameiginlegum samfélagslegum verkefnum þar og kynntu um leið samstarfsverkefnið með sýnilegum verkum á staðnum. Áformað var að „samnemendur“ yngri nemendanna færu í hliðstæða ferð á Borgarfjörð á skólaárinu 2019-2020, en ytri aðstæður seinkuðu þeim áformum, en vonast er til að hægt verði að efna loforð við nemendahópa samstarfsskólanna um slíka ferð þó síðar verði.


Aðrar meginniðurstöður verkefnisins hafa komið fram hér að framan.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum: Eins og fram kemur í umfjöllun um niðurstöður hér á undan kynntu nemendur samstarfið fyrir samfélaginu á Borgarfirði með sýningu og kynningu í heimsókn nemenda og kennara frá Fellaskóla á Borgarfjörð. Áform eru um aðra heimsókn þar sem með sama hætti yrði vakin athygli á verkefninu í samfélaginu. Verkefnið hefur einnig verið kynnt fyrir skólasamfélaginu á Fljótsdalshéraði. Áform voru um að rita grein um verkefnið en endurtekin skólastjóranskipti gætu hamlað þeirri áætlun.

Egilsstaðir 24. ágúst 2020



Sigprúður Sigurðardóttir
Fráfarandi skólastjóri



Helga Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri